

**Ed.**

**116. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breytingar á lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög. Telur hún frumvarpið yfirleitt til bóta og er því eindregið fylgjandi í öllum aðalatriðum. En það álit kom fram, að 5. gr. frumvarpsins mundi ganga of nærri eignarrjetti landeiganda. Þetta tekur nefndin til greina og kemur fram með svo fellda

**BREYTINGARTILLÖGU.**

Við 5. gr.

Á eftir orðunum: »Leiguliðum, sem hafa innstæðukúildi á ábúðarjörðum sínum, er heimilt«, í upphafi greinarinnar, komi:  
með samþykki landsdrottins.

Alþingi, 18. júlí 1919.

Hjörtur Snorrason,  
formaður.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskrifari.

Sigurjón Friðjónsson,  
framsögumaður.